

Umhverfisverkefni

Starfsmaður á leikjanámskeiði

Sumarfjör Vestmannaeyjabæjar er leikjanámskeið fyrir börn í 1-4 bekk. Í starfinu er lögð rík áhersla á gleði, skemmtun, samveru, leiki og hreyfingu.

Starfshlutfall: 70 - 80 %

Vinnufyrirkomulag: Unnið á dagvinnutíma virka daga

Ráðningartímabil: 12. júní – 21. júlí í (möguleiki á að viðkomandi fái einnig starf á öðrum tíma sumars í umhverfisverkefnum).

Helstu verkefni: Starfsmaður starfar á leikjanámskeiðum fyrir börn undir stjórn flokkstjóra leikjanámskeiða. Starfar að mestu utandyra. Á í samskiptum við forráðamenn og sér um skráningu barna.

Hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að vera metnaðarfullur, ábyrgur, áhugasamur, lipur í samskiptum og tilbúinn í öflugt samstarf, með velferð og þroska barna að leiðarljósi.
- Æskilegt er að hafa reynslu og áhuga á að vinna með börnum
- Góð samskiptafærni og þjónustulund.
- Frumkvæði og samvirkusemi.
- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð.
- Skyndihjálparnámskeið barna er kostur.

Laun skv. kjarasamningi: Stavey/Drifandi

Upplýsingar um starfið veitir *Sigþór Örn Valgeirsson* í síma: 841-7373 eða á netfangið:

sigthor@vestmannaeyjar.is